



Hjálmaðir í Laugardal
Jarðhús og hjálmar

Guðmundur Ólafsson
2005:8

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands 2006.

Forsíðumynd: Horft yfir ofninn í jarðhúsinu á Hjálmsstöðum eftir rannsókn. Til vinstri eru pinnaholur í gólfu. Hitasteinar eru umhverfis ofninn og á gólfu. GÓL 1985.

Jarðhús á Hjálmsstöðum



Mynd 1. Pýrping jarðhúsa við ána Lom í Búlgaríu á koparstungu, líklega frá 18. eða 19. öld. Fyrir utan fremsta jarðhúsið situr kona og er að spinna á rokk. Stór skorsteinn á jarðhúsinu spúir reyk bendir til þess að þar inni sé vel kynnt (Zimmermann 1992:205).


Inngangur

Í þessari grein er fjallað um íslensk jarðhús og hlutverk þeirra í Norður Evrópsku samhengi. Rætt verður um hlutverk þeirra og kynntar athyglisverðar hugmyndir þýska fornleifafræðingsins Haio Zimmermanns. Að lokum er fjallað um kornhjálma, en það eru mannvirki sem hafa ekki enn fundist hér á landi við fornleifarannsóknir, en gætu samt hafa átt hér skammvinna dvöl sem tengdist notkun íslenskra jarðhúsa.¹

Einkenni jarðhúsa

Jarðhús er samheiti á fremur litlum húsum sem að jafnaði hafa að hluta verið grafin niður um 0,3 - 1 m. Þakið er oftast borið uppi af stoðum sem hvíla ýmist á bakkanum eða á veggjum sem standa upp úr gryfjunni. Stundum stendur hluti veggjanna upp úr gryfjunni en oft stendur aðeins þakið uppúr. Jarðhúsin eru oftast um 2 - 3 m að breidd og 3 - 6 m að lengd. Í jarðhúsunum er oftast hlutfallslega stórt eldstæði eða hlóðir sem hlaðnar eru út við vegginn, venjulega í einu horni hússins. Inngangur í jarðhús er yfirleitt óljós og virðist oftast hafa verið gengið niður í þau.

¹ Greinin er byggð á erindi sem flutt var 4. maí 1996 á málþingi á Skógum til heiðurs Þórði Tómassyni 75 ára.



Mynd 2. Jarðhúsabyggð frá landamærahéruðum Serbíu og Króatíu á koparstungu eftir Brown frá 1673 (Zimmerman 1992:205).

Útbreiðsla og aldur jarðhúsa

Jarðhús hafa fundist um alla Norður Evrópu. Þau virðast einkum hafa verið í notkun frá því snemma járnöld og fram á miðaldir. Þau hafa þó verið þekkt miklu lengur, eða allt frá steinöld fram til 19. aldar.² Gefur þessi langvinna notkun nokkra vísbendingu um notagildi þeirra. Þau voru algeng Norðurlöndum á víkingaöld, einkum á verslunarstöðum eins og t.d. í Ríbe og Heiðabæ. Þau hafa borist með landnámsmönnum til Íslands og virðast einkum hafa verið í notkun á fyrstu tveimur öldum Íslandsbyggðar.³ Yngsta og jafnframt minnsta jarðhús sem enn hefur fundist hér á landi er líklega frá Stóru-borg. Það fannst undir öllum öðrum byggingum á bæjarhólnum og er talið vera frá 12. öld.⁴ Í austur Evrópu virðast jarðhús hafa verið í notkun miklu lengur, og þar hafa verið til þyrpingar jarðhúsa, eins og fram kemur á myndum 1 og 2.

Í jarðhúsunum finnast mjög oft einhverjir munir sem tengjast vefnaði s.s. snældusnúðar og kljásteynar og hafa þeir yfirleitt verið settir í samband við notkun húsa.

Mynd 3. Nokkrir gripir sem fundust í jarðhúsinu á Hjálmsstöðum: Snældusnúður, brýni, járnbot og blýmet. GÓL 1985.



² Strömberg 1978:40-46; Zimmermann 1992:156-216.

³ Þór Magnússon 1973:13-40, Guðmundur Ólafsson 198:40-59, o.fl.

⁴ Mjöll Snæsdóttir 1991:11-12 og xxxx:xx.



Mynd 4. Tilgáta af þýsku jarðhúsi með vefstað fyrir miðu og ofni í horni hússins (Zimmermann, et al. 1982b:37).

Íslensk jarðhús

Jarðhús hafa fundist á allvíða hér á landi. Öll virðast þau vera frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þó að heimildir séu um að fundist hafi niðurgráfin mannvirki við fornleifarannsóknir allt frá 1897 gerðu menn sér lengi vel ekki grein fyrir því að um hús væri að ræða. Þór Magnússon varð fyrstur til að uppgötva tilveru þeirra þegar hann gróf í Hvítárholti á árunum 1963 - 1967 og fann leifar fjögurra jarðhúsa.⁵ Tvö hús til viðbótar komu í ljós við rannsókn á Grelutóftum á Hrafnseyri við Arnarfjörð árin 1977 og 1978.⁶

Eftir því sem fornleifarannsóknum hefur fjölgað á undanförunum árum og áratugum hafa enn fleiri jarðhús fundist. Nefna má t.d. Hjálmstaði í Laugardal, Granastaði í Eyjafirði, Hofstaði í Mývatnssveit, Bessastaði og Viðey. Eiríksstaði í Haukadal, Hólm hjá Höfn í Hornafirði, Breiðuvík á Tjörneshöfðum og Stóruborg undir Eyjafjöllum og víðar. Síðast má nefna rannsókn á Sveigarkoti í Mývatnssveit, þar sem þrjú jarðhús hafa komið í ljós á undanförunum árum og á Hríshéimum þar sem fundust tvö jarðhús.⁷ Segja má að fjölgun þekktra jarðhúsa á síðustu áratugum hefur haldist nokkuð í hendur við breyttar rannsóknaraðferðir. Ekki er ólíklegt að jarðhús hafi verið svo til á hverjum bæ í upphafi byggðar.

⁵ Þór Magnússon 1973:13-61.

⁶ Guðmundur Ólafsson 1980:40-59.


⁷ Orri Vésteinsson 2005:58-59, Ragnar Edvardsson 2005.



Mynd 5. Eitt af jarðhúsunum í Hvítárholti (jarðhús I). Leifar af ofni eru í horninu efst til hægri og hrúga af hnöttóttum hitasteinum neðst til vinstri (Þór Magnússon 1973:15).



Mynd 6. Annað jarðhúsið hjá Grelutóftum við Arnarfjörð að lokinni rannsókn. Ofninn í horninu hefur verið endurreistur, og steinunum raðað saman eins og talið var líklegast að þeir hefðu verið upphaflega (G.Ó. 1978).



Mynd 7. Flatarteikning af jarðhúsi á Hjálmsstöðum. Efst til vinstri er ofninn og hrúga af steinum til þess að hita vatn er efst til hægri. Neðst til vinstri eru leifar af eldri ofni og hitasteinum (GÓ).

Notkun jarðhúsa

Jarðhús henta vel til margra hluta og hafa vafalaust verið notuð undir margvíslega starfsemi. Sem dæmi um hlutverk má nefna verkstæði ýmis konar, eins og algengt er á mörgum erlendum verslunarstöðum, bústaðir manna, búr og skemmur. Enn ein skýring er að þau hafi verið notuð sem *baðhús*, enda er velþekkt frásögn Eyrbyggju um þegar Styr lét gera hús, grafið í jörðu, fyrir gufubað eða baðstofu þar sem berserkirnir voru síðar drepnir í.⁸ Gólfskán í jarðhúsum er líka oft mjög þétt í sér eins og þar hafi verið mjög rakt. Nýlegar jarðsjármælingar í víkingaaldarbænum Heiðabæ hafa leitt í ljós að innan bæjarmúranna virðist hafa verið heilt jarðhúsahverfi og er talið að þar hafi verið unnið við vefnað, nánast eins og í verksmiðjuhverfi.⁹

Því hefur líka verið haldið fram að landnámsmenn hafi fyrst grafið jarðhús til að búa í, áður en þeir reistu sér skála.¹⁰ Sú tilgáta getur átt nokkurn rétt á sér, enda virðast jarðhúsin yfirleitt vera elstu húsin á hverjum stað, en skýrir hins vegar ekki hvers vegna ofninn var jafnan hafður svo stór í jafn litlu húsi. Einnig hefur verið talið að þrælur hafi búið í jarðhúsum.¹¹

Vegna þess hve oft finnast ummerki um vefnað í jarðhúsum er þó oftast talið að þau hafi verið vinnustofur tengdar vefnaði. Talið er að konur hafi fyrst og fremst sinnt þeim heimilisstörfum þar til vefstóllinn kom til sögunnar og hægt var að sitja við að vefa. og því má ætla að þetta hafi einkum verið vinnustofur kvenna.¹² Allmörg dæmi eru um slíkar vistarverur í fornsögum, sem voru nefndar *dyngjur* hér á landi.¹³

Samkvæmt orðabók er hlutverk dyngju útskýrt á eftirfarandi hátt, í lauslegri þýðingu höfundar: *Dyngja er herbergi eða hús þar sem aðeins þakið eða efsti hluti veggjanna stóð upp úr jörðu; upphaflega þakið mykju til varnar vetrarkulda. Það var vistarvera kvenna þar sem þær stunduðu sínar handiðnir, einkum vefnað.* Í orðabókinni eru nefndar ýmsar heimildir og dæmi allt frá Takitusi og Pliniusi til íslenskra og erlendra fornsagna, sem sýna þennan skilning orðsins.¹⁴

Fornleifarannsóknir sýna einnig að jarðhús hafa getað breytt um hlutverk á meðan það var í notkun, t.d. í Breiðuvík á Tjörnesi, þar sem jarðhús virðist í upphafi hafa verið vefjarstofa, sem síðar var breytt í búr.¹⁵

Þrátt fyrir mismunandi útfærslur, eru íslensku jarðhúsin nokkuð stöðluð að allri gerð sem bendir til þess að þau hafi oftast verið gerð til þess að þjóna tilteknu hlutverki.

Hér verður komið á framfæri tilgátu sem gæti varpað nýju ljósi á íslensk jarðhús og verklag á landnámsöld. Hún rennir styrkari stoðum undir hugmyndina um að jarðhúsin hafi verið vefjarstofur og gerir ráð fyrir því að ástæðan fyrir því að vinnan sem fór fram í þeim hafi verið sérhæfðari en áður hefur verið talið.

Höfundur tilgátunnar er Haio Zimmermann, þýskur fornleifafræðingur, sem hefur rannsakað mikinn fjölda jarðhúsa. Hann telur að hönnun húsanna sé engin tilviljun og að þau hafi haft ótvíræðan og ákveðinn tilgang. Þau hafi verið sérstakar vefjarstofur, einkum ætlaðar til að vefa og vinna lín. Mjög erfitt mun vera að vefa úr líni og því líklegt að slík starfsemi þurfi helst að fara fram við mikinn raka og hita. Í niðurgröfnum

⁸ Eyrbyggja saga. Íslenzk fornrit IV 1935:72-73. Reykjavík

⁹ Claus Von Carnap-Bornheim 2005. Erindi á Vikingafundi í Cork 2005.

¹⁰ Bjarni F. Einarsson 1992:110-112; Orri Vésteinsson 2005:58-59.

¹¹ Orri Vésteinsson. Mbl. 2005.

¹² Geijer, Agnes 1972:102-103, Östergård, Else 2004:45-58.

¹³ Strömberg, Märta 1978:42.

¹⁴ Fritzner, Johan 1954:276-277; Gísla saga súrssonar. Íslenzk fornrit xxx:859, 912, Njáls saga 175-76, 340, Egilssaga 407, Bj. hit 119, Eyrb. 609.

¹⁵ Guðmundur Ólafsson 2000:22.

húsum með stórum ofni sé auðvelt að uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru. Þessi skilyrði eru hins vegar ekki nauðsynleg þegar unnið er með ull.¹⁶

Þetta gæti að einhverju leyti einnig skýrt hvers vegna jarðhúsi hafa aðeins fundist frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þau hafa misst hlutverk sitt þegar línakrar gátu ekki lengur þrífist hér á landi vegna kólnandi veðurfars.


Hlutverk jarðhúsanna sem vefjarstofa virðist hafa flust inn í bæinn á 11. eða 12. öld, þegar stofum er bætt við enda skálanna. E.t.v. er heitið baðstofa leifar frá þeim tíma þegar konur sátu við tóvinnu í sínum upphituðu og röku jarðhúsum.

Hjálmar

Zimmermann vakti einnig athygli greinarhöfundar á litlum mannvirkjum, sem þekkt eru í Norður-Evrópu, og virðist oft finnast í næsta nágrenni við jarðhús. Það eru svonefndir *hjálmur*, sem eru stakkar með þekju og voru notaðir sem skýli fyrir hey eða korn. Reist er stöng (eða stangir) sem hey- eða kornknippi eru fest á, og þekja sett ofan á hana til að hlífa korninu fyrir regni (sjá myndir 6 og 7).

Í orðabók segir að *hjálmur* sé útbúnaður ætlaður til að varðveita í hey eða ópurkað korn. Talað er um *heyhjálmur* og *kornhjálmur* og að hlaða heyi eða korni í hjálma. Til er orðið *hjálmsemi* í merkingunni hlöðuengi. Afgirt svæði fyrir hey- eða kornhjálmur nefndist *hjálmgarður* og *hjálmsetur* er sel (setur) þar sem hjálmar eru.¹⁷

Slíkir hjálmar hafa ekki fundist hér á landi svo vitað sé og hafa til þessa aldrei komist inn í umræðu um íslenskar fornleifar. En er nokkuð útilokað að kornhjálmur hafi verið notaðir hér á landi? Er hægt að finna einhverjar vísbendingar um þá?



Mynd 8. Erlendar teikningar af hjálmum. a) teikning á dönsku korti frá 1789, b) úr “Oldenburger Sachsenspiegel” frá 1336; c) er pólsk trérista frá 1574. Til hægri eru skýringarteikningar frá 1748 og 1753 af hjálmi frá Little Gaddesden, Hertfordshire.¹⁸

¹⁶ Haio Zimmerman 1982:111-142.

¹⁷ Fritzner, Johan 1954:826-827.

¹⁸ Zimmermann 1992:35 og 38.

Jarðhús á Hjálmsstöðum

Í þessu samhengi vekur bærjarheitið Hjálmsstaðir nokkra athygli. Getur verið að hægt sé að finna beinar eða óbeinar vísbendingar um akuryrkju á Hjálmsstöðum til forna.


Á Hjálmsstöðum fannst jarðhús árið 1993 (sjá forsiðumynd og mynd 7). Það sver sig í ætt annarra íslenskra jarðhúsa. Það var um 3 x 5 m að innanmáli og grafið niður allt að 1 m undir þáverandi yfirborð. Í norðvestur horni hússins var ofninn enn uppistandandi þegar það fannst. Greinilegt var að húsið hafði verið í notkun um langt skeið og voru leifar af eldra byggingarskeiði undir yngra gólfinu. Meðal gripa sem fundust í húsinu og benda til vefjarstofu, voru þrír snældusnúðar, hnífur, pottbrot og tindur úr ullarkambi.¹⁹

Með tilliti til ofangreindra upplýsinga um hjálma og jarðhús má leiða nokkrar líkur að því að á Hjálmsstöðum hafi verið lín- eða kornakrar og að bærinn dragi hugsanlega nafn sitt af hjálmum sem uppskerunni var komið fyrir í. Þá er einnig hugsanlegt að í jarðhúsinu á Hjálmsstöðum hafi verið ofið lín af nálægum ökrunum.

Áhugavert væri að gera ýtarlega rannsókn á jarðvegi og frjókornum í túni Hjálmsstaða til að kanna þessar hugmyndir frekar.

Af ofangreindum heimildum um hjálma er frestandi að álykta að líklegra sé að stakar stoðarholur sem finnast í nágrenni við jarðhús séu fremur leifar hjálma, eins og dæmin frá Evrópu sýna, fremur en að þær hafi tengst blótsiðum, sem engar heimildir þekkjast um.

Mynd 9. Teikningar af stoðarholum sem fundist hafa nálægt jarðhúsum og túlkaðar hafa verið sem leifar kornhjálma eða heystakka. (Zimmermann, 1992b:36).



¹⁹ Guðmundur Ólafsson 1991:I og 1992:39-56).

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson 1992. Granastaðir-grophuset och andra isländska grophus i ett nordiskt sammanhang. *Viking 1992*:95-119. Oslo.
- Fritzner, Johan 1954. *Ordbog over det gamle norske sprog*. Oslo.
- Geijer, Agnes 1972. Ur textilkonstens historia.
- Guðmundur Ólafsson 1980. Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979*:25-73. Reykjavík.
- Guðmundur Ólafsson 1991. Jarðhús að Hjálmsstöðum í Laugardal. Rannsókn 1983 – 1985. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1985:I*. Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðmundur Ólafsson 1992. Jarðhús að Hjálmsstöðum í Laugardal. Rannsókn 1983 – 1985. *Árnesingur II 1992*:39-56.
- Guðmundur Ólafsson 2000. Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi. *Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2000-7. Íslensk fornrit IV 1935*. Eyrbyggja saga. Reykjavík.
- Íslensk fornrit VI 1943*. Gísla saga Súrssonar. Reykjavík
- Mjöll Snæsdóttir 1991. *Stóra-Borg. Fornleifarannsókn 1978 – 1990*. Reykjavík.
- Orri Vésteinsson ed. 2005. *Archaeological investigations at Sveigakot 2004*. Fornleifastofnun Íslands 2005.
- Ragnar Edvardsson ed. 2005. *Hrisheimar 2004. Interim Report*. Fornleifastofnun Íslands 2005.
- Strömberg, Märta 1978. *En kustby i Ystad före stadens tillkoms*. Ystad.
- Zimmerman, W.H. 1982. Archäologische Befunde frühmittelalterlicher Webhäuser. *Jahrbuch der Männer vom Morgenstern*. 61/1982:111-144.
- Zimmermann, W.H, K.-E Behre, K. Brandt, D. Kučan, P. Schmidt 1982b. Mit die Spaten in die Vergangenheit.
- Zimmerman, W.H. 1992. *Probleme der Küstenforschung im Südlichen Nordseegebiet*. Band 19. Hildesheim.
- Zimmerman, W.H 1992b. The “helm” in England, Wales, Scandinavia and North America. *Vernacular Architecture 23*, 34 – 43. Leamington Spa.
- Östergård, Else 2004. Woven into th Earth. Textiles from Greenland. Århus.
- Þór Magnússon 1973. Söguvaldarbyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1972*:5 – 80. Reykjavík.